

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 23. mars 2017 kl. 9:30, en þetta var 51. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (23. febrúar 2017) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

Unnið var með lista sem inniheldur „netja“ (38 færslur) og einnig graftar- og graftarkýlisheiti (48 færslur).

Nefndarmenn höfðu farið yfir listana fyrir fundinn og merkt við þau orð sem ræða þyrfti. Nokkrar breytingar og viðbætur voru gerðar.

JHJ mun ganga frá hugtökunum í Orðabankanum og ÁP annast birtingu þeirra.

3. Samstarf við Embætti landlæknis

Borist hefur óformleg fyrirspurn beiðni frá landlæknisembættinu um samstarf vegna nálægt 100 sjúkdómsheita í SKAFL sem skortir íslenska þýðingu. Ákveðið var að taka vel í þessa málaleitan.

4. Rafræn birting orðasafna í líffærafræði

Nú hefur fyrsta hefti Orðasafns í líffærafræði verið birt á vefnum *rafhlaðan.is* sem er á vegum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (<https://rafhladan.is/handle/10802/11059>). Annað heftið (líffærin) verður birt innan skamms (<http://hdl.handle.net/10802/12627>).

5. Önnur mál

Rætt var um að ráðast í undirbúning þriðja heftis Orðasafns í líffærafræði sem mundi að líkindum innihalda heiti úr blóðrásarkerfinu. Leitað verður eftir samstarfi við Hannes Petersen um þessa útgáfu eins og þær fyrri.

6. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 27. apríl 2017 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:30.